Kemur út annanhvern Laugard. ekki sjaldnar en sex þéttskrif-aðar arki í hvert skipti.

Sveitarblaðið:

Skrifleg uppsögn bundin við sumarmál ógild nema komin sé til ritnefndar fyrir 25. April.

# Fjallfari

2. Ár | 4. Kerfi 1. Blað | No 10

Veðramót 15. Marz 1902.

## Ritnefnd:

Björn Jónsson

Þorbjörn Björnsson

Sigurður Björnsson

# Yfirlit yfir verzlunar-horfur Íslendinga

Um daga Friðriks 3. varð lítil breyting á verzlunarfyrirkomulaginu því Friðrik gjörði sér lítil afskipti af því. En eptir að Kristján 5. kom til valda 1670, var Íslendingum gjört það tilboð að hafa sjálfir hluti í verzlun sinni. Birti Rodsen admiráll Brynjólfi biskupi ~~þ~~ Sveinssyni konungsboðskap um þetta. Skyldi biskup tilkynna þetta prestum sínum en ekki vildu klerkar sinna þessu tilboði og kváðu ýmsa annmarka á því, en þó báru þeir einkum fyrir ábyrgð sinni og amlóðaskap, og þannig var eyðilagt þetta í farm konungs vegna deyfðar og

framkvæmdaleysis hinna hengkladdu húsganga, sem eflaust hefði getað orðið landsmönnum til ómetanlegs gagns ef fram hefði fengist.

Árið 1684 kom nýr taxti og var hann miklu harðari en hinn fyrri höfðu verið. Þá var landinu skipt niður í kaupsvæði, eða verzlunarumdæmi. Átti þá hver maður að verzla við kaupmann þess svæðis sem hann var búsettur í eða heimilisfastur. Skyldi hver sá er útaf brygði vera dæmdur frá æru og búslóð, enda beittu bæði kaupmenn og embættismenn lögum þessum allóvægilega, og léku hina brotlegu menn mjög hart, og eru enn margar barbariskar sögur frá þeim tíma sem sýna yfirgang hinna voldugu einokunar kaupmanna undir verndarvæng hinna ~~[illegible]~~ embættis-



manna við alþýðuna, einkum að því er snerti verzlun, því ýms dönsk verzlunar félög leigðu þá verzlun hér á landi.

Árið 1749 varð Skúli Magnússon fyrstur íslenzkra manna landfógeti. Hefir hann verið einn með þrekmestu, áhugasömustu og framkvæmdamestu af sonum þessa lands, enda má furðu gegna hversu þolgóður hann var við að reyna að vinna bug á einokuninni sem fyrir og um hans daga herti einna mest að kjörum hinnar margkúguðu alþýðu, og ~~þá [illegible]~~ hafði lamandi áhrif í allt hugsana og framkvæmdalíf landsmanna. Skúli var sá maður sem sá fljótt hver bönd hertu mest að þjóðinni. Hann sá líka glöggt veginn til að sjá þessi sterku ófrelsis bönd, og hann hafði bæði dug og djörfung til að koma ályktunum

sinni í framkvæmd, en hér va
við ramman reip að draga; vægða-
lausa hörku, þrályndi og eigingirni, á
aðra hlið, sem með ófrelsi og kúgun a
drepa niður dáð og manndáð íslenz
þjóðarinnar en hugsaði einungis u
að raka saman of fjár. En á hina hl
hjátrú, kjarkleysi og amlóðaskap alþý
unnar. Skúla vantaði öfluga styrktarm
til að aðstoða sig í hinum mikilfenglegu fram
faratilraunum sínum en þótt hann ætt
örðugt uppdráttar, þá fékk hann því þó
til leiðar komið að nýr iðnaður var
stofnaður í landinu, og var sjálfur
umsjónarmaður þessara stofnana. Han
fékk og 60 þús. Rdl. lán hjá Friðriki Konung
5. og má af því sjá sem mörgu öðru að
sumir af konungunum vildu þó bæta
úr verzlunareinokuninni, þótt sumir
létu sig það litlu skipta, eða juku jafnvel
enn meir á verzlunarófrelsið. Þetta fyrirtæki
Skúla var að vísu tilraun í rétta átt, til að draga úr



efli einokunarinnar því með þessum
hætti áttu landsmenn að geta fengið nauð-
synjar sínar að því leyti er þeir þurftu að vera
uppá útlendinga komnir með að fá þær
með hagfeldara móti en áður hafði verið
og sömuleiðis var landsmönnum gefin
kostur á að auka verðmæti sinnar eigin
vöru. — Á árunum 1705–1743
höfðu ýms dönsk félög leigt verzlunina hér á
landi, með sama hætti er áður hefir
verið getið um, en árið 1743 fengu hör-
mangarar í Kaupmannahöfn verzlun-
ina á leigu og voru þeir Íslendingum
hinir harðdrægustu, og fylgdu mjög fast
fram kröfum sínum viðvíkjandi
verzlunarréttindum þeim, er þeim hafði
verið veitt; en að lokum, misstu þeir
þó verzlunina 1758 enda höfðu þeir þá
látið nauðsynja vöru vanta undan-
farin ár, en fjöldi fólks dó þá úr hung-
ri, því hallæri var þá mikið um þær mund-
ir af náttúrunnar hendi. — Þá tók

konungur verzlunina að sér og lét
reka hana á sinn kostnað; í 4 ár
ekki stóð þó þessi konungur verzlun-
ina lengi og var hún þá seld á leigu
í annað sinn, og leigð hinu svo-
almenna verzlunarfélagi, og átti það
einnig að taka að sér iðnaðarstofnanirnar
Varð nú Skúli einn af forstöðumönn-
um þessa félags jafnframt því sem hann
stóð fyrir iðnaðarstofnununum. En ekki
hafði félag þetta rekið lengi verzlun
sína hér, er fór að bera á því að það
vildi einungis skara eld að sinni köku
en hugsaði alls ekkert um iðnaðarstofn-
anirnar, og lét allt vanta til þeirra
er þær þurftu að hafa, og loks komst
Skúli í mál við félagið, og tapaði hann
því máli, og varð að gjalda sekt í pening-
ar. En seinna gat hann þó komið
því til leiðar að félagið varð að gjalda
4400 ríkisdala sekt fyrir skemmt mjöl
er það höfðu flutt inn. Var fé það sett á vöxtu



og rann það síðan inn í landssjóðinn
eptir að fjárhagur Íslands og Danmerkur
var aðskilinn nú á síðasta liðinni öld.
Eptir að Friðrik 5. kom til ríkis Kristján
konungur 7. og var hann Íslendingum hinn
bezti konungur, og vildi gjarnan bæta
úr verzlunarófrelsinu. — Hið almenna
verzlunarfélag varð að gefa upp verzlun
sína 1774, og hafði hún verið bæði ill og lítil
því optast hafði útlenda varan verið
afardýr, og stundum flutt of lítið af henni
þá er harðindi voru mikil og framleiðsla
hinnar innlendu vöru þar af leiðandi
minni og af þessum skorti mun hafa
leitt sá mikli manndauði hér um
miðbik 18. aldarinnar, því margir dóu
þá beinlínis úr hungri og harðrétti.
Enda mun einokunarverzlun sjald-
an hafa komist á jafnhátt stig sem
á fyrri öld og á síðari parti hinnar 17.
Eptir 1774 tók konungur sjálfur að sér
verzlunina og lét reka hana á sinn kostnað

þar til hin árið 1786 var gefin la[us]
við alla þegna Danakonungs, og hafði þ[á]
einokunin staðið í 184 ár og verið ein
eitt þungbærasta tjón landsmanna, [því]
náttúrlegan [illegible] á þessum tímum og
hina óblíðustu lyndiseinkunn sína, og gjörðu
opt sitt til að þrengja sem mest kost[um]
hinnar margþjáðu og þvinguðu þjóðar.
Þótt þetta væri nú auðvitað mikil bót frá
því sem áður var, þá fundu landsmenn
brátt að þetta var ekki fullnægjandi, því
enn var öllum utanríkismönnum bann-
að að koma hingað með kaupeyri sinn
og því var það að Íslendingar fóru fram
á það við konung 1795 að hann gæfi
verzlunina frjálsa við allar þjóðir, en
ekki var við slíkt komandi þá, og synjaði
konungur algjörlega bænarskrá Íslend-
inga um þetta efni.
Þjóðfundur sá er kom saman í Reykjavík
1845 hafði til meðferðar frá stjórninni frum-
varp um verzlunarfrelsi Íslendinga, og



gjörði fundurinn töluverðar breytinga[r]
við það, en réð þó til þess að verzlunin væri
gefin algjörlega frjáls við allar þjóðir, þó
náði það ekki staðfesting konungs, og var
það bæði vegna þess að stjórnin var því
andstæð, og sömuleiðis reyndu kaupmenn
að spilla fyrir því að það fengi fram að
ganga. Að lokum komst það þó inn
á ríkisþing Dana 1853, og þótt Íslend.
ættu þar engan talsmann, varð þó
margir málinu hlynntir, og svo fór að
árið eptir <u>5. April 1854 var verzlunin
gefin frjáls við allar þjóðir</u>, og hefir
síðan verið frjáls. [Framhald]

Klaufi

# Mannflutningar
## vestur um haf.

Jafnvel þótt áður hafi verið minnst á þetta stóra málefni í Fjallfara, og sumir áliti það ef til vill að bera í bakkafullan lækinn að fara að minnast nokkuð á það frekara þá get ég ekki verið á þeirra skoðun, því ég álít það almennings mál sem hér er um að ræða sé flestu öðru megnugra og áhrifameira til þess að umhverfa og eyðileggja alla velsæld og velmegun landsins og hinnar íslenzku þjóðar, og vilji menn einungis viðurkenna þann sannleika þá leiðir hitt þar af, að þess sé full þörf að um það sé ritað af sem flestum, því full reynslusönnun er fengin fyrir því, að þess fleiri manna raddir og skoðanir ~~ka~~ sem heyrast í sér hverju máli, þess hægra er að draga



gjöra þær ákvarðanir í málinu er miði til heppilegra breytinga.

Að því er mál þetta snertir þá vildi ég lítillega víkja að greininni, sem stendur í seinasta tölublaði Fjallfara. Þar er meðal annars komist svo að orði: „Þjóðflutningar er það kallað ~~að~~ þegar menn flytja sig úr einu landi í annað". Án þess að ég ætli mér að taka grein þessa til nákvæmrar athugunar og gagnrýni, þá leyfi ég mér að geta þess að orðið „þjóðflutningar" getur (~~[illegible]~~) alls ekki átt við það sem höfundurinn talar um. — Þjóð er það félag manna, sem lifir saman í einu landi undir einum og sömu lífsskilyrðum og náttúrulögum, sömu borgaralegu lögum, sömu skyldum og sömu réttindum. — Taki slík félagsheild sig upp í einu lagi og flytji sig í annað land þá mega slíkt þjóðflutninga kallast

Mætti nefna mörg dæmi þess, og
glögg, svo sem þegar hjörð herská-
Húna með Atla í broddi fylkingar
tóku sig upp langt austur í Asíu
og brutust vestur yfir Volga inní Evr-
ópu til þess að leita sér þar ból-
festu (375 e.Kr.). Þegar Vandalir hinir anda-
lúsisku héldu í einu lagi heiman frá
Spáni suður á Afríku. Þegar Cimbrar
og Teutónar yfirgáfu heimkynni sín
norður í Gallíu og komust alla leið
suður á Ítalíu í þeim tilgangi að
taka sér þar bólfestu. Þegar Frankar
tóku sig upp norður í Germaníu
og settust að í Belgíu. Fleiri dæmi gjör-
ist ekki þörf uppá þjóðflutninga.
Til mannflutninga (þ.e. til flutnings ein-
stakra manna úr einu landi í annað), má
einnig fá glögg dæmi, og þurfum vér
því miður ekki að seilast jafn-
langt eptir þeim, þar sem einmitt
þeir eru hið stærsta og versta þjóðarmein



Íslendinga, sem hver sannur fóstur-
jarðarvinur, er með réttu má kalla lít-
inn en nýtsaman og ómissandi lim
í lífsheild hins samíslenzka þjóð-
ar líkama, hlýtur að vera meiri eða
minni þjáninga þýði, á sama hátt
eins og hin kvalafullu áhrif af sérhverri
meinsemd hins mannl. líkama
gagntaka jafnvel þá hluta hans er
fjærst henni liggja. — Jafnvel hver
einasta lifandi frumhylfi líkam-
ans þó ekkert beri á því í heildinni
hlýtur að vera sinn hluta óþæginda-
anna og vansældarinnar sem leiða
af veikindum líkamans.
Þótt eg vildi með engu móti gjöra
lítið úr sjálfum mér, þá hlýt eg þó
að líkja mér við einungis eina
smálífögn, eitt atkvæðalítið frum-
hylfi þessarar líkamssköpunar, og
verð eg þó að segja þann sannleika, að
eg þrátt fyrir smæðina finn sárt

til allra þeirra ytri og innri áhrifa-
stríða á móti velliðan og lífskrapti
þess líkama sem eg er partur af
Og þeir af Íslendingunum, sem enga
slíka tilfinningu hafa fyrir því,
stríði á móti velgengni og framförum
vors litilsiglda þjóðfélags, þeir segi
eg eru alls ekki lifandi limir á hin-
um samíslenzka þjóðarlíkama,
einmitt vegna þess að til þeirra ná
ekki þeir lífsstraumar til að lífga þá
og fjörga, er limir sínar eiga að sækja
til þess nauðsynlegasta líffæris,
hans, sem fremur en öll önnur má
kallast aðsetursstaður lífsins, eiginleg-
leikanna og tilfinninganna, og hrind-
ir þeim straumum út frá sér til sér-
hvers smáparts í líffæraheildinni
er hann þarf til viðhalds lífi sínu
og fjöri, og þetta er hjarta þjóðlíkam-
ans — fjöregg framtíðarinnar —
þungamiðja þjóðþrifanna —



—ættjarðarástin. En það mun
ekki ofmikið sagt, að allmargir land-
ar mínir alls ekki viti hvað það er þegar talað er
um slíkt, og þetta einmitt sanna
þeir í verkinu. Hjá sumum liggja
saman í þessa einungis í auðum
þörfa, en þegar þau hafa þekkst þá er
einkis annars líklegra að vænta á eptir en
samkvæmum framkvæmdum
þessi orð og önnur því lík hefi eg heyrt
og hefi þó enn ekki haft tækifæri
til að kynna mér hugi manna al-
mennt um allt land: „Getur nokk-
ur búist við því að maður hangi útá
þessu landi endilega af því maður er
gotinn hér?" — það er ekki áhorfsmál
fyrir alla sem nokkuð geta að fara-
héðan, þegar bati blíta landsins og stjórn
þess leggjast á eitt til að knýja mann
þessi og þvílík orð eru sorglegur
vottur um algjörða vöntun, einn-
ar hinnar fegurstu dyggða mann-

hjartans, um leið og í þeim lýsir sér
hin viðbjóðslega kæruleysi hugsunarháttar
samfara heimskulegum og illgirnis-
legum hleypidóma staðhæfingum, og
bera auðsæilegt brennimark hinna
óskammfeilnu föðurlandssvikara,
sem beita sér öllum í þá átt að
þrykkja því inn í hugskot þeirra landsmanna
~~þinn~~
sem minnsta mótspyrnu veita, og hafa
ekki miklar áhyggjur af því þótt
samvizkunni sé hallað, einung-
is ef skekkjan kemur fram í auk-
um þunga þyngjunnar. — Í hinni
ofangreindu „beint til föður" orðum
liggur í rauninni svar til mótsagn-
ar gegn þeim, eins og oft vill verða
þegar orðum er þannig kastað fram.
Til hinna fyrri liggur auðvitað
beint og eindregið svar — ættjarðarástin,
sem auðvitað er þó gagnslaust, svo, án
frekari skýringar, eins og hvað annað
sem spyrjandinn ekki skilur.



Ættjarðarást er fólgin í þeim kærleiks-
ríku tilfinningum hvers vandaðs
manns til lands síns og þjóðar, sem
er auðvitað ekkert annað en bein og
sjálfsögð afleiðing af þeirri þakklát-
is viðurkenningu hans, sem hann
finnur glöggt að hann er <u>skyldur</u>
að tjá, ekki einungis með anda og tungu
heldur með því að helga því allt sitt líf
og alla sína gefnu hæfileika bæði lík-
amlega og andlega. <u>Skyldur</u> segi eg af
því að hver heiðvirður maður finn-
ur það sjálfsagða skyldu sína að borga
það sem hann er skyldugur; og eg leyfi
mér að spyrja: Stendur ekki maðurinn
í skuld við fósturjörðina þegar hann
er kominn á fullorðinsár. Eða hvers
krafta hefir unnið að því að afla nauð-
þurfta hans, honum til lífsviður-
halds, dafnunar og þroska, ~~annara~~
einkum en hinna þjóðlíkamans, hvort sem
þeir í kraftana leggja fram heita á

hans máli, faðir-móðir — fóstri-
eða fóstra, því einmitt vegna þess að
þeir eru meðlimir þjóðheildarinnar, þá
voru þeir þess megnugir, svo hennar be-
launin þegar maður er launa þá, og
geta borgað þá kraptu eyðslu sem hann
naut. — Eða af hvers feiti og gróða hafa
þeir afurðir verið fram leiddar sem
honum voru nauðsynlegir, ann-
ars en þess lands sem hann lifir í
og heitir fósturland, og er í flestum til-
fellum hið sama og ættland og föðurland.
Og það er því einmitt þetta land
og alls ekkert annað sem á heimt-
ing á skuldargreiðslu af hans hendi.
Nokkrir munu segja sem svo: Mann
ætlast til þess að menn drepist held-
ur í eymd og vesöld hér, heldur
en að leita fyrir sér í sælli og frjósam-
ari löndum og til þess að sjá sér og
sínum borgið. En eg veit ekki hvort-
um af þeirri skakum að Ísland veiti nægilegt



lífsviðurhald öllum þeim sem með
dugnaði og framsýni vinna fyrir lífi
sínu, en þess þarf með einnig í öðrum
löndum, því fæsti skapa lög á að
koma sér svo fyrir að það sem hann
við þarf komi fyrir hofnar landsins upp
hendur honum. Um eyðslu og órátsí-
menn er ekki að tala, því þeir verða
með sama marki brendir hvar sem þeir.
Því er fyllilega slegið úti vind, og mælt
annað hvort af fávizku, eða beinlínis
illum hvötum að landið sjálft geimi
um stjórn þess hugi menn eftir megni.
Því hið gagnstæða á sér stað og mjög
ljóslega. Síðan mannflutningar
hófust vestur um haf fyrir alvöru
hefir íslenzka þjóðin aldrei haft við
nema erfiðleika að stríða af náttúr-
unnar völdum í samanburði við
það sem áður var, nema ef vera skyldi
jarðskjálftarnir síðustu, en það hefir og
heyrst geta þeirra, í þessu sambandi

Hitt er einnig fullljóst, að nú í
máj ár hafa þeir menn er þjóðin
sjálf hefir viðkennt bezt fallna til
þess, beitt kröptum sínum í þá átt
að taka úr því marga er ábótavant er
og þyrfti lengri ritgjörð en samsvarar
þessu blaði til þess að telja upp gaum
ar þær umbætur er gjörðar hafa verið
á seinustu 20-30 árum, þótt langt sé
enn í land. Hitt er líka ofur eðli-
legt, að þeir menn sem að þessu hafa
unnið séu ekki algjörir, og geti því
móti vilja sínum stigið eins taka spor
í ranga átt, og einnig orðið mislagðar
hendur, en Íslendingar eru ekki ein-
ir ófullkomnir. Hvorug þessara áður-
nefndu setninga er því á rökum byggð.
Hér er að ræða um utanaðkom-
andi spillandi áhrif, sem um tíma
er búið að verka og spilla huga manna
í landinu og þjóðinni. Af þessu
efni, verður því sú regla að ráða sem



í öllu er oflága, þá og algjöra
breytingu skal á gjöra, og úr bæta að
leita að og grafast eptir undirrót orsak-
anna og áhrifum þeirra á viðburðarás
veruleikans; taka út fyrir hina
allra ystu rótaranga þess illgresis
sem gróðursett er orðið í hugskoti marg-
ra landsmanna, sem opt geta verið
bæði marggreinótt og legið djúpt, svo
að þeir ekki útarmeir með aldrinum
þróist svo til skaðlegra áhrifa, að hin
seinni villan verði verri en hin fyrri.
Þannig er landi voru ekki nóg þótt
það losist við þá meðlimi sína sem tekið
hafa í sig sóttkveikju þá er gjörir þá óhylla
og spillandi í félaginu, og þó þeir varp-
ist vestur yfir hafið, því hinn ver-
ur einnig að sjá, að hún leynist ekki
eptir í fari þeirra, og í því tilliti er það
alvarlegt, og áríðandi atriði að innræta
ungdóminum, sem framtíðin heyrir

einkum til hreina og fölskvalausa ást til landsins og þjóðarinnar. Það skiljist, að með því einu móti geta mæðurnar sýnt það í verkinu að helga því allt líf sitt og krafta.

Það verður því að álíta það einkanlega hlutverk foreldranna, kennaranna, og prestanna, eða þeirra yfir höfuð sem hafa uppfræðingu ungdómsins, til hins sanna rétta og góða, með höndum, að opna hjörtu barnanna og fyrir hinum heillavænlegu og hreinu straumum ættjarðarástarinnar, því sé það gjört þá, meðan hjarta barnsins er móttækilegast fyrir allt það sem rétt og fagurt er, þá geta menn búist við æskilegum ávöxtum í framtíðinni.

L. D.



# Af gnægð hjartans mælir munnurinn.

Fáir efast um sannindi þessa málsháttar, og ósjálfrátt datt mér hann í hug er eg las ritsmíðina (ef svo mætti kalla) í seinasta tölubl. Fjf.

Þótt greinarnefna þessi hefði borið með sér eitthvað ofurlítið af sannleika og réttsýni, þá mundi engum heiðvirðum manni hafa dottið í hug að leitast við að svara henni og eiga með því á hættu að sverta sjálfan sig af því blygðunarleysi og óþokkaskap, sem slíkar greinar sýna í eðli höfundarins, og bera með sér í fótungarti — því tilhlýðilegt svar til jafn illkynjaðs andainnblásturs, getur ekki komið frá öðrum en þeim sem er jafningi höfundarins í öllu eðli og eiginlegleikum, og því ekki frá meðal óþokka

& því útaf betri manni. Það er
fjarri mér að ganga undir það
smánarmerki er höfundur hóf upp
fyrir sjálfum sér og stendur einn
út, því þó hann þá hefði það þving-
unarvald yfir sjálfum sér að geta látið
hann halda því upp þá er hann alls
ekki áfellings verður, og þarf heldur ekki
að kvíða því að verða fyrir sömu ótinglegri
þvingunar meðferð í annað sinn.
Til eins er þó greinarsprungin þessi
nytileg, og það er til þess að sýna ná-
grönnum höfundarins þá hlið hans er þó
hefir sumir um stund. — En svo vil
eg þó höfundi vel, að eg óska þess af heil-
um hug, að einhverntíma nái þó þeir lig-
legleika hans yfir hönd á honum,
sem hann hamlar til að finna að þetta
atriði í lífi hans hefði betur verið ógjört.
Því það er hryggilegt, þegar þeir menn
sem vel eru gefnir af forsjóna innaskerð-
um hæfileikum sínum, þó átt, er einung-
is sýna vanþakklæti og einkis virðing
gjöfarinnar, og láta þá af leitandi
vald illskunnar leita sig á veg ódygðar
anna, og sökkva sér þá í djúp hatur,
sitleysis og svívirðinga.